

Ársskýrsla **20**

Stjórnvísí **26**





Efnisyfirlit

Skýrsla formanns	3
Skýrsla framkvæmdastjóra	5
Stjórn Stjórnvísí	6
Ársreikningur	7
Ráðstefnur og verðlaunaafhendingar	15
Yfirlit yfir viðburði faghópa	29
Fundir stjórnar	52



Skýrsla formanns og ávarp fyrir aðalfund Stjórnvísí árið 2025

Kæru félagar Stjórnvísí,

Þegar við lítum til baka á nýliðið starfsár er ljóst að það einkenndist af samtali og skýrri áherslu á þá forystu sem framtíðin kallar á. Stjórn félagsins valdi Framsýna forystu sem þema starfsársins með það að markmiði að skapa sameiginlega umgjörð utan um viðburði, fræðslu og umræðu ársins, jafnframt því að nýta þemað sem leiðarljós í starfi stjórnar og faghópa.

Í núverandi umhverfi sem tekur stöðugum breytingum, þar sem hröð tækniþróun, loftslagsáskoranir, efnahagslegar sveiflur og breyttar væntingar til atvinnulífsins setja mark sitt á starfsemi skipulagsheilda verða leiðtogar að horfa lengra en næsta skref. Framsýn forysta sem byggir á skýrri framtíðarsýn, trausti, nýsköpun og hæfni til að leiða fólk í gegnum óvissu og krefjandi aðstæður, reyndist því bæði eðlilegt og mikilvægt þema fyrir starfsárið.

Framsýn forysta skiptir máli þar sem hún styður við aðlögunarhæfni, eflir samkeppnishæfni og skapar sameiginlegan tilgang þegar óvissan er mikil, sem endurspegladist í fjölbreyttum viðburðum, virkri umræðu innan faghópa og áherslum stjórnar.

Áhersluverkefni stjórnar á starfsárinu

Á starfsárinu lagði stjórn Stjórnvísí sérstaka áherslu á nokkur lykilverkefni sem miðuðu að því að styrkja innviði félagsins og auka virði fyrir félagsfólk.

Faghópar

Faghópar eru kjarninn í starfi Stjórnvísí og var markmið ársins að efla og styðja þá markvisst. Lögð var áhersla á reglulegri samskipti, skýrari verkfæri og öflugri vettvang fyrir samstarf. Í nóvember var send könnun til allra formanna faghópa sem gaf mikilvæga innsýn í þarfir, áskoranir og tækifæri. Niðurstöðurnar voru kynntar á stjórnarfundi og hafa verið nýttar til að móta úrbætur, meðal annars varðandi upplýsingagjöf til nýrra stjórnarmeðlima og bættu umgjörð um störf faghópa.

Heimasíða og kynningarefni

Unnið var að uppfærslu á kynningarefni og útliti markaðsefnis þar á meðal hönnun, letri og litum. Þá hófst greining á endurnýjun og einföldun heimasíðu félagsins með það að markmiði að bæta skipulag, auka aðgengi og gera notendaupplifun skýrari sem leiddi í ljós þörf á frekari endurskoðun til framtíðar.

Myndbönd og efni

Mikil verðmæti felast í því efni sem til verður á viðburðum Stjórnvísí. Á starfsárinu var tekin ákvörðun um að breyta fyrirkomulagi varðveislu og aðgengi að myndböndum með því að færa þau inn á innra svæði stjórnvísí.is og tryggja þannig betri nýtingu efnis fyrir félagsfólk, auk þess sem yfirsýn og tölfraðileg greining batnaði.

Sóknarfæri og sýnileiki

Stjórn vann einnig að því að greina sóknarfæri félagsins með áherslu á skýrari sýnileika, betri miðlun ávinninga af þátttöku og aukna virkjun meðlima. Markmiðið var að styrkja ímynd Stjórnvísí og skapa traustan grunn fyrir áframhaldandi vöxt.

Haustráðstefna Stjórnvísí – hápunktur ársins

Einn af hápunktum starfsársins var Haustráðstefna Stjórnvísí, þar sem þemað Framsýn forysta var tekið til ítarlegrar umræðu. Þar fengum við til okkar öfluga leiðtoga sem miðluðu reynslu sinni og sýn á hvernig hægt er að móta framtíðina með trausti, samvinnu og hugrekki að leiðarljósi.

Meðal þeirra atriða sem stóðu upp úr voru áherslur á mikilvægi þess að gefa ungu fólki raunverulegt hlutverk, að hugrekki og seigla séu sameiginlegt verkefni, að vellíðan og samheldni liðsheilda skipti sköpum fyrir árangur og að traust sé einn sterkasti grunnur góðrar forystu.

Stjórnvísí – 40 ár af miðlun og framþróun

Á starfsárinu hófst jafnframt undirbúningur að 40 ára afmæli Stjórnvísí. Félagið hefur í fjóra áratugi verið vettvangur framsækinnna stjórnenda sem leggja áherslu á símenntun, miðlun reynslu og notkun bestu aðferða í stjórnun og leiðtogastarfi. Hluti af undirbúningi afmælisársins hefur verið að safna samtölum og frásögnum frá heiðurfélögum, stjórnarfólki og fulltrúum faghópa um þann sess sem Stjórnvísí hefur skapað sér í íslensku atvinnulífi.

Að lokum

Ég vil þakka stjórn, framkvæmdastjóra, faghópum og öllu félagsfólki Stjórnvísí fyrir gott og árangursríkt samstarf á liðnu starfsári. Samvinna, tengslanet og sameiginlegur lærdómur eru hjartað í starfi Stjórnvísí og grunnurinn að þeirri framsýnu forystu sem við viljum hlúa að.

Með þökk fyrir liðið ár og hlýjar kveðjur,

Anna Kristín, Formaður Stjórnvísí



Framsýn forysta í verki starfsárið 2025–2026 Skýrsla framkvæmdastjóra.

Starfsárið 2025–2026 einkenndist af framþróun, auknu aðgengi og öflugri þátttöku innan Stjórnvísi. Með skýra sýn og sterk gildi að leiðarljósi styrkti félagið enn frekar stöðu sína sem mikilvægur vettvangur fyrir faglega stjórnun á Íslandi.

Á árinu voru haldnir vel á annað hundrað viðburðir á vegum 20 faghópa sem samanstanda af 172 stjórnendum frá yfir 100 vinnustöðum. Þessi breiði hópur tryggir fjölbreytta sýn og faglega dýpt í starfi félagsins og er lykillinn að kraftmikilli og lifandi starfsemi.

Aukin áhersla á stafrænt aðgengi, með streymi og upptökum viðburða, hefur gert félagsmönnum kleift að nálgast efni hvar og hvenær sem er. Sú þróun hefur leitt til aukinnar þátttöku, bæði innanlands og erlendis, og skapað ný tækifæri til alþjóðlegs samstarfs. Viðbrögð félagsmanna sýna jafnframt að þessi nálgun mætir raunverulegri þörf og styrkir tengsl innan samfélagsins.

Þema ársins, Framsýn forysta, var leiðandi í starfinu og birtist í fjölbreyttum viðburðum, faglegri umræðu og öflugri tengslamyndun. Haustráðstefna félagsins vakti sérstaka athygli fyrir vandaða dagskrá og góða þátttöku, bæði á staðnum og í streymi.

Helstu hápunktar starfsársins voru:

- Sautján fyrirtæki hlutu viðurkenningu fyrir fyrirmyndar stjórnarhætti
- Einstaklega vel heppnuð Haustráðstefna á Grand Hótelu
- Metþátttaka í kynningu á Íslensku ánægjuvöginni
- Afhending Stjórnunarverðlauna Stjórnvísi við hátíðlega athöfn að viðstöddum forseta Íslands
- Kick off fundur í Lawa Show og Nýársfagnaður í Marel
- Rekstur félagsins var traustur á árinu. Hagnaður nam rúmlega 2 milljónum króna og eigið fé var 6,5 milljónir króna í árslok. Stjórnvís starfar án hagnaðarsjónarmiða, en leggur áherslu á ábyrgan rekstur og að viðhalda hóflegum varasjóði til að tryggja stöðugleika og svigrúm til áframhaldandi þróunar.

Árangur félagsins byggir á framlagi fjölda einstaklinga sem leggja fram tíma sinn og þekkingu í þágu félagsins. Þar ber sérstaklega að nefna faghópastjórnir, fagráð, dómnefndir og aðra sem taka virkan þátt í starfinu.

Ég vil færa öllum þessum aðilum innilegar þakkir fyrir þeirra framlag. Sérstakar þakkir fær stjórn Stjórnvísi fyrir farsælt og ánægjulegt samstarf á árinu. Fagmennska, metnaður og góður starfsandi stjórnar hafa verið lykilþættir í þeim árangri sem náðst hefur.

Það sem stendur þó upp úr er fólkið sjálft. Sá kraftur, vilji og fagmennska sem býr í samfélagi Stjórnvísi er einstakur og er drifkrafturinn að baki starfseminni. Það er ekki sjálfgefið að svo margir velji að leggja sitt af mörkum með þessum hætti — og fyrir það er ég afar þakklát.

Það eru mikil forréttindi að fá að starfa í þessu umhverfi og taka þátt í að efla faglega stjórnun á Íslandi. Með þann sterka grunn sem lagður hefur verið er félagið vel í stakk búið til að takast á við komandi verkefni með áframhaldandi framsýni og metnaði.

Gunnhildur Arnardóttir,
framkvæmdastjóri Stjórnvísi.

Stjórn Stjórnvísí 2026



Formaður

Anna Kristín Kristinsdóttir, Engineering Manager Lead, JBT Marel

Stjórn Stjórnvísí

Auður Daníelsdóttir, forstjóri Orkunnar IS ehf.

Héðinn Jónsson, Chief Product Officer hjá Helix health.

Ingibjörg Loftsdóttir, Sérfræðingur í stjórnun og lýðheilsu og framkvæmdastjóri ILoftsdóttir, ehf.

Lilja Gunnarsdóttir, sjálfstætt starfandi markþjálfari og teymisþjálfari

Matthías Ásgerisson, forstöðumaður fasteignareksturs og viðhalds Bláa Lónsins

Snorri Páll Sigurðsson, Head of Logistics hjá Alvotech

Tinna Jóhannsdóttir, forstöðumaður markaðsmála og sjálfbærni ON

Viktor Freyr Hjörleifsson, mannauðssérfræðingur hjá Vegagerðinni

Skoðunarmenn reikninga

Sigríður Soffía Sigurðardóttir, endurskoðunarsviði KPMG

Hjördís Ýr Ólafsdóttir, endurskoðunarsviði KPMG

Fagráð

Guðrún Aðalsteinsdóttir, framkvæmdastjóri Krónunnar

Haraldur Agnar Bjarnason, forstjóri Auðkennis

Margrét Tryggvadóttir, skemmtanastjóri NOVA

Sigríður Harðardóttir, mannauðsstjóri Norðuráls

Sigurður Brynjar Pálsson, forstjóri BYKO

Ársreikningur Stjórnvísí 2025

Félagið er félag um framsækna stjórnun.

Að álit stjórnar og framkvæmdastjóra Stjórnvísí koma fram í ársreikningi þessum allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins í lok ársins, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun.

Hagnaður var á rekstri félagsins á árinu 2025 að fjárhæð 2.159 þúsund kr. samkvæmt rekstrarreikningi. Eigið fé félagsins í árslok var 6.549 þúsund kr. samkvæmt efnahagsreikningi. Stjórn félagsins vísar til ársreiknings varðandi ráðstöfun á hagnaði ársins.

Stjórn Stjórnvísí og framkvæmdastjóri staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2025 með áritun sinni.

Reykjavík, 27. febrúar 2026

Í stjórn Stjórnvísí

- Anna Kristín Kristinsdóttir
- Auður Daniélsdóttir
- Héðinn Jónsson
- Ingibjörg Loftsdóttir
- Tinna Jóhannsdóttir
- Lilja Gunnarsdóttir
- Matthías Ásgeirsson
- Snorri Páll Sigurðsson
- Viktor Freyr Hjörleifsson

Framkvæmdastjóri

Gunnhildur Arnardóttir

Anna Kristín Kristinsdóttir



Matthías Ásgeirsson



Gunnhildur Arnardóttir



Ingibjörg Loftsdóttir



Lilja Gunnarsdóttir



Auður Daniélsdóttir



Snorri Páll Sigurðsson



Tinna Jóhannsdóttir



Héðinn Jónsson



Viktor Freyr Hjörleifsson



Guðni Þór Gunnarsson



Sigríður Soffía Sigurðardóttir



Hjördís Yr Ólafsdóttir



Fullgild rafræn undirskrift stjórnar, endurskoðanda og skoðunarmanna.

Áritun endurskoðenda og skoðunarmanna

Til stjórnar og félagsmanna í Stjórnvísí.

Við höfum veitt faglega aðstoð við gerð ársreiknings ársins 2025 fyrir Stjórnvísí byggt á þeim upplýsingum sem stjórnendur félagsins hafa lagt fram. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymi og skýringar.

Við höfum skipulagt og hagað vinnu okkar í samræmi við við alþjóðlegan staðal, ISRS 4410, sem fjallar um faglega aðstoð við gerð ársreiknings.

Við höfum notað faglega þekkingu okkar á sviði reikningsskila og ársreikningagerðar að því markmiði að aðstoða fyrirtækið við að leggja fram ársreikning í samræmi við lög um ársreikninga. Við höfum fylgt fyrirætlum siðareglna, þar á meðal grundvallarreglum um heilindi, hlutlægni og faglega hæfni og varkárni.


Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Ársreikningur og þær upplýsingar sem koma fram í honum eru á ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra. Ársreikningurinn er byggður á bókhaldi félagsins og öðrum upplýsingum stjórnenda félagsins.

Þar sem fagleg aðstoð við gerð ársreiknings er ekki staðfestingarverkefni er þess ekki krafist af okkur að staðfesta nákvæmni eða heild þeirra upplýsinga sem stjórnendur hafa lagt fram. Þar af leiðandi veitum við hvorki álit byggt á endurskoðun né ályktun byggða á könnun um hvort ársreikningurinn sé gerður í samræmi við lög um ársreikninga.

Reykjavík, 29. febrúar 2024

Reykjavík, 27. febrúar 2026
Íslenskir endurskoðendur, ráðgjöf ehf.


Guðni Þór Gunnarsson
Endurskoðandi

Áritun skoðunarmanna

Við kjörnir skoðunarmenn ársreiknings Stjórnvísí höfum yfirfarið meðfylgjandi ársreikning Stjórnvísí starfsárið 2025. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning ársins 2025, efnahagsreikning 31. desember 2025, yfirlit um sjóðstreymi og skýringar. Við höfum gert kannanir á bókhaldi, bókhaldsgögnum, eignum og skuldum félagsins sem við töldum nauðsynlegar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af rekstri félagsins á árinu 2025 og efnahag þess 31. desember 2025.

Reykjavík, 27. febrúar 2026

Sigríður Soffía Sigurðardóttir
Endurskoðandi

Hjördís Ýr Ólafsdóttir
Endurskoðandi

Rekstrarreikningur 2025

	Skýr	2025	2024
Rekstrartekjur:			
Félagsgjöld		35.681.800	36.007.400
Ráðstefnur, fundir og fyrirmyndarfélag		5.598.413	3.870.000
Rekstrartekjur alls		<u>41.280.213</u>	<u>39.877.400</u>
Rekstrargjöld:			
Skrifstofukostnaður og rekstur heimasíðu		4.739.491	4.642.877
Stjórnun og umsýsla		34.487.513	32.224.467
		<u>39.227.004</u>	<u>36.867.344</u>
Rekstrarhagnaður(tap) án fjármagnsliða		<u>2.053.209</u>	<u>3.010.056</u>
Fjármagnsliðir:			
Vaxtatekjur		195.493	418.360
Vaxtagjöld		(89.243)	(89.724)
		<u>106.250</u>	<u>328.636</u>
Hagnaður ársins		<u>2.159.459</u>	<u>3.338.692</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2025

Eignir

	Skýr.	2025	2024
Veltufjármunir:			
Fyrirframgreiddur kostnaður		0	47.469
Handbært fé	2	8.855.221	6.139.210
Veltufjármunir samtals		<u>8.855.221</u>	<u>6.186.679</u>
Eignir samtals		<u>8.855.221</u>	<u>6.186.679</u>

Eigið fé og skuldir

	Skýr.	2025	2024
Eigið fé:			
Óráðstafað eigið fé 01.01		4.390.433	1.051.741
Hagnaður ársins		2.159.459	3.338.692
Eigið fé samtals	4	<u>6.549.892</u>	<u>4.390.433</u>
Skuldir:			
Skammtímaskuldir			
Viðskiptaskuldir		577.729	497.946
Fyrirframgreidd félagsgjöld		1.727.600	1.298.300
Skammtímaskuldir samtals		<u>2.305.329</u>	<u>1.796.246</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>8.855.221</u>	<u>6.186.679</u>

Sjóðstreymi 2025

	2025	2024
Rekstrarhreyfingar		
Hagnaður ársins	2.159.459	3.338.692
	<hr/>	<hr/>
Hreint veltufé frá rekstri	2.159.459	3.338.692
Breyting rekstartengdra eigna og skulda		
Skammtímakröfur, lækkun (hækkun)	47.469	(47.469)
Skammtímaskuldir, hækkun	509.083	94.842
	<hr/>	<hr/>
	556.552	47.373
	<hr/>	<hr/>
Handbært fé frá rekstri	2.716.011	3.386.065
	<hr/>	<hr/>
Breyting á handbæru fé	2.716.011	3.386.065
Handbært fé í ársbyrjun	6.139.210	2.753.145
Handbært fé í árslok	<hr/>	<hr/>
	8.855.221	6.139.210

Skýringar

Reikningsskilaaðferðir

1. Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og er í meginatriðum gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.
2. Handbært fé samanstendur af óbunduðum bankainnstæðum.
3. Félagið er stofnaðili að Íslensku ánægjuvuginni, samkvæmt samþykktum félagsins er félaginu gert að verja fjármunum sínum til framgangs félagsins, við slit þess félags fær Stjórnvísí allar eignir félagsins að frádregnum skuldum þess sem var þann 31.12 2025 að fjárhæð kr. 5.023.408.

Eigið fé

4. Yfirlit um eiginfjárreikninga:

	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Staða í ársbyrjun	4.390.433	4.390.433
Hagnaður ársins	2.159.459	2.159.459
	6.549.892	6.549.892

Sundurliðanir

1.	Sala	2025	2024
	Félagsgjöld	35.681.800	36.007.400
	Ráðstefnur og fundir	2.818.413	2.070.000
	Fyrirmyndarfyrirtæki	2.780.000	1.800.000
		<u>41.280.213</u>	<u>39.877.400</u>
2.	Skrifstofukostnaður og rekstur heimasíðu		
	Sími	32.042	26.832
	Burðargjöld	0	870
	Rekstur og þróun heimasíðu	4.707.449	4.615.175
		<u>4.739.491</u>	<u>4.642.877</u>
3.	Stjórnun og umsýsla		
	Verktaki CEO Huxun(framkvæmdastjórn)	19.191.364	18,370,533
	Aðkeypt þjónusta vegna útsendinga og mæling markmiða	1.488.000	868,000
	Önnur aðkeypt þjónusta	0	889,350
	Kostnaður vegna fyrirmyndarfyrirtækja	3.096.541	2,398,299
	Viðburðir, ráðstefnur og fleira á vegum Stjórnvísí	3.482.943	4,096,822
	Faghópafundir, stjórnarfundir ofl.	3.253.682	2,245,830
	Endurskoðun og reikningsskil	937.440	921,096
	Aðalfundur	1.108.060	1,325,850
	Auglýsingar	1.929.483	1,108,687
		<u>34.487.513</u>	<u>32,224,467</u>
4.	Vaxtatekjur og verðbætur		
	Vaxtatekjur	195.493	418,360
		<u>195.493</u>	<u>418,360</u>

Sundurliðanir

5. Vaxtagjöld og verðbætur

Bankakostnaður, þjónustugjöld	(89.243)	(88,906)
Dráttarvextir	0	(818)
	<u>(89.243)</u>	<u>(89,724)</u>

6. Skammtímakröfur

Fyrirframgreiddur kostnaður (Visa reikningar)	0	47.469
	<u>0</u>	<u>47.469</u>

7. Handbært fé

Arion banki 652	304.016	5.773.058
Arion banki 202460	8.551.205	366.152
	<u>8.855.221</u>	<u>6.139.210</u>

8. Viðskiptaskuldir

Lánadrottnar	533.672	497,946
VISA reikningar	44.057	0
	<u>577.729</u>	<u>497,946</u>

Ráðstefnur og verðlaunaafhendingar Stjórnvísí Haustráðstefna Stjórnvísí 2025

Haustráðstefna Stjórnvísí var haldin þann 25. september 2025 í beinu streymi frá Grand Hótel og á staðnum í glæsilegum sal á 4.hæð Háteigi. Ráðastefnan bar yfirskriftina "Framsýn forysta". Anna Kristín Kristinsdóttir Engineering Manager Lead, JBT Marel og formaður stjórnar Stjórnvísí setti ráðstefnuna kl. 09:00. Því næst fluttu áhugaverðir fyrirlesarar erindi.

Fyrirlesarar á ráðstefnunni:

Arinsspjall: Forseti Íslands Frú Halla Tómasdóttir var gestur í arinsspjalli hjá Þórönnu Jónsdóttur framkvæmdastjóra og stjórnendaráðgjafa.

Willum Þór Þórsson forseti ÍSÍ

Eldur Ólafsson, forstjóri Amaroq Minerals

Ragna Árnadóttir, forstjóri Landsnets.

Samantekt flutti Ingibjörg Loftsdóttir framkvæmdastjóri ráðgjafastofunnar Svalar og varaformaður Stjórnvísí.

Ráðstefnustjóri:

Egill Heiðar Anton Pálsson Borgarleikhússtjóri



Haustráðstefna
STJÓRNVÍSI 2025
FRAMSÆKNI · FAGMENNSKA · FRÆÐSLA

Framsýn forysta

Grand Hótel fimmtudaginn 25. september
kl. 9:00 – 11:00

							
Frú Halla Tómasdóttir, forseti Íslands	Willum Þór Þórsson, forseti ÍSÍ	Þóranna Jónsdóttir, framkvæmdastjóri og stjórnendaráðgjafi	Eldur Ólafsson, forstjóri Amaroq Minerals	Anna Kristín Kristinsdóttir, senior Manager JBT Marel	Ragna Árnadóttir, forstjóri Landsnets	Egill Heiðar Anton Pálsson, borgarleikhússtjóri	Ingibjörg Loftsdóttir, framkvæmdastjóri Svalar

Haustráðstefna Stjórnvísí 2025





Haustráðstefna Stjórnvísí 2025

Ráðstefnur og verðlaunaafhendingar Stjórnvísí Íslenska ánægjuvogin – 2025

Haldin 22. janúar 2026



Fulltrúar þeirra fyrirtækja sem skoruðu hæst í sínum flokki. Öllum þeim sem skoruðu hæst í sínum flokki var veittur blómvöndur og viðurkenningarskjöldur.

Þann 22. janúar 2026 voru niðurstöður Íslensku ánægjuvogarinnar 2025 kynntar og er þetta tuttugasta og sjöunda árið sem ánægja íslenskra fyrirtækja er mæld með þessum hætti.

Nýsköpun og stafræn upplifun einkenna sigurvegarana

Niðurstöður sýna að þau fyrirtæki sem mælast með hæstu ánægju viðskiptavina eiga það sameiginlegt að vera nýskapandi, leggja áherslu á þjónustu og sterka stafræna upplifun, oft á mörkuðum sem hafa tekið miklum breytingum á undanförunum árum.

„Íslenska ánægjuvogin hefur þann tilgang að hvetja íslensk fyrirtæki til að hlúa að ánægju viðskiptavina og veita þeim samræmdan og hlutlausan mælikvarða á frammistöðu sína á milli ára og í samanburði við helstu samkeppnisaðila. Það er mikill heiður fyrir fyrirtæki að vera hæst á sínum markaði í Íslensku ánægjuvoginni og mörg setja sér markmið því tengt“ segir Gunnhildur Arnardóttir, framkvæmdastjóri Íslensku ánægjuvogarinnar og Stjórnvísí.

Í þetta skiptið var skyndibitamarkaður mældur í fyrsta sinn. Til þess að mælast í Íslensku ánægjuvoginni þurfa fyrirtæki að ná ákveðinni stærð og markaðshlutdeild.

Indó sigurvegari Ánægjuvogarinnar annað árið í röð

Indó er sigurvegari Íslensku ánægjuvogarinnar árið 2025 með 84,7 stig, hæsta allra fyrirtækja. Þetta er í annað skiptið sem niðurstöður hafa verið birtar fyrir indó og í bæði skiptin hefur fyrirtækið sigrað. Í öðru sæti er Dropp með 83,9 stig, aðeins tæpu einu stigi á eftir. Dropp var sigurvegari Ánægjuvogarinnar árið 2023. Costco eldsneyti var 3. hæsta fyrirtækið með 81,3 stig.

Mikill munur á hæstu og lægstu fyrirtækjum

Það mælist töluverð breidd á ánægju þeirra fyrirtækja sem voru mæld og eru einkunnir frá 60,8 til 84,7 af 100 mögulegum.

„Það er ljóst að ánægja viðskiptavina er ekki föst stærð og það er ekkert sem heitir að hafa áskrift að Ánægjuvuginni. Fyrirtækin þurfa stöðugt að vinna að ánægju 1 viðskiptavina. Á nokkrum mörkuðum má sjá umtalsverðar breytingar á niðurstöðum fyrirtækja milli ára, þar sem sum hafa bætt stöðu sína verulega, á meðan önnur hafa lækkað frá fyrri mælingu.“ segir Gunnhildur

Konur á miðjum aldri á landsbyggðinni eru ánægðasti hópurinn

Gögnin sýna fram á ólíka upplifun út frá kyni, aldri og búsetu. Konur á aldrinum 55-64 ára á landsbyggðinni er ánægðasti hópur neytenda á Íslandi en karlmenn 35-44 ára á landsbyggðinni sá óánægðasti.

Um Íslensku ánægjuvogina

Íslenska ánægjuvugin er í eigu Stjórnvísí og sá Prósent um framkvæmd á Íslensku ánægjuvuginni 10. árið í röð. Gögnnum var safnað frá apríl til desember árið 2025. Könnunin var send í tölvupósti á könnunarhóp PróSENTS á um 2.000 manna úrtak á hverjum markaði. 175 til 1.000 svör bárust fyrir hvert fyrirtæki. Niðurstöður voru vigtaðar með tilliti til kyns, aldurs og búsetu þýðisins. Athygli er vakin á síða- og viðmiðunarreglum um notkun á merki Íslensku ánægjuvogarinnar sem finna má á <https://www.stjornvisi.is/is/vidburdir/islenska-anaegjuvugin-1> ásamt öðrum upplýsingum um Íslensku ánægjuvogina.

Ánægjuvugin samanstendur af þremur spurningum:

1. *Á heildina litið, hversu ánægð(ð/ður/t) eða óánægð(ð/ður/t) ert þú með reynslu þína af [fyrirtæki]?*
2. *Hugleiddu allar væntingar þínar til [fyrirtækis] annars vegar og reynslu þína af fyrirtækinu hins vegar. Að hve miklu leyti uppfyllir [fyrirtæki] væntingar þínar?*
3. *Núna biðjum við þig um að ímynda þér hið fullkomna [fyrirtæki á viðkomandi markaði]. Hversu nálægt slíku fyrirtæki er [fyrirtæki]?*

Ánægjuvogareinkunnin tekur gildi á kvarðanum 0-100, þar sem hærri einkunn gefur til kynna meiri ánægju.

Sigurveggar ánægjuvogarinnar 2025 – Gullhafar

- Indó með 84,7 stig meðal banka
- Dropp með 83,9 stig meðal pósthjónustufyrirtækja
- Costco eldsneyti með 81,3 stig meðal eldsneytis- og hraðhleðslustöðva
- ELKO með 77,1 stig meðal raftækjaverslana
- IKEA með 76,9 stig meðal húsgagnaverslana
- Sjónvá með 72,9 stig meðal tryggingafélaga
- Nova með 72,7 stig meðal fjarskiptafyrirtækja
- Krónan með 72,7 stig meðal matvöruverslana

Vinningshafar í sinni atvinnugrein 2025 – Blátt merki

Efstu fyrirtæki á mörkuðum þar sem ekki var marktækur munur á efsta og næstefsta sæti fá einnig viðurkenningu fyrir góðan árangur, en þá er veitt blátt merki.

- Lyfjaver með 79,0 stig meðal apóteka
- Tokyo sushi með 75,7 stig meðal skyndibitastaða
- A4 með 73,8 stig meðal ritfanga- og bókaverslana
- BYKO með 69,6 stig meðal byggingavöruverslana
- Orka náttúrunnar með 69,4 stig meðal raforkusala
- Kringlan með 67,4 stig meðal verslunarmiðstöðva

Merki Íslensku ánægjuvogarinnar

Athygli er vakin á síða- og viðmiðunarreglum um notkun á merki Íslensku ánægjuvogarinnar sem finna má á <https://www.stjornvisi.is/is/anaegjuvogin> ásamt öðrum upplýsingum um Íslensku ánægjuvogina.

Trausti Haraldsson, framkvæmdastjóri Prósent kynnti niðurstöður einstakra fyrirtækja og markaða Íslensku ánægjuvogarinnar 2025.

Gunnhildur Arnardóttir stjórnarformaður Íslensku ánægjuvogarinnar og framkvæmdastjóri Stjórnvísi veitti viðurkenningar þeim fyrirtækjum sem skoruðu hæst í rannsókn Íslensku ánægjuvogarinnar 2025.

Fundarstjóri:

Gunnhildur Arnardóttir stjórnarformaður Íslensku ánægjuvogarinnar og framkvæmdastjóri Stjórnvísi.

Íslenska árnægjuvoggin

20
25





Íslenska áhæggjuvoggin

20
25

Ráðstefnur og verðlaunaafhendingar Stjórnvísí Stjórnunarverðlaun Stjórnvísí 2026

Haldin 9. febrúar 2026



Verðlaunahafar Stjórnunarverðlauna Stjórnvísí 2026 ásamt formanni dómnefndar og forseta Íslands.

Stjórnunarverðlaun Stjórnvísí voru veitt 9. febrúar í 17. sinn við hátíðlega athöfn á Grand Hótel að viðstöddum forseta Íslands. Veitt voru verðlaun í þremur flokkum auk þess sem veitt voru sérstök heiðursverðlaun.

Hátíðarstjóri:

Anna Kristín Kristinsdóttir, formaður stjórnar Stjórnvísí.

Handhafar Stjórnunarverðlauna Stjórnvísí árið 2026 eru:

Í flokki yfirstjórnenda Vilhelm Már Þorsteinsson, forstjóri Eimskips, í flokki millistjórnenda þau Óttar Örn Sigurbergsson framkvæmdastjóri ELKO og Helga Halldórsdóttir forstöðumaður mannauðs hjá Arion banka. Í flokki frumkvöðla/brautryðjenda Þór Sigfússon stofnandi og stjórnarformaður Íslenska sjávarklasans. Auk þess hlaut Rannveig Rist, forstjóri Rio Tinto á Íslandi sérstök heiðursverðlaun fyrir framlag sitt til stjórnunar.

Salóme Guðmundsdóttir, formaður dómnefndar, framkvæmdastjóri Ísorku og stjórnarformaður Kadeco kynnti niðurstöður dómnefndar. Að þessu sinni voru afhentar tvær viðurkenningar í flokki millistjórnenda þar sem 65% tilnefninga voru í þeim flokki ásamt því að veitt voru sérstök heiðursverðlaun. Forseti Íslands, Frú Halla Tómasdóttir, afhenti verðlaunin og flutti ávarp.

Stjórnunarverðlaun Stjórnvísí eru árlega veitt stjórnendum fyrirtækja sem þykja hafa skarað fram úr á sínu sviði. Yfirlýst markmið verðlaunanna er að stuðla að aukinni fagmennsku á sviði stjórnunar á Íslandi. Einnig er þeim ætlað að vekja athygli á framúrskarandi starfi stjórnenda og frumkvöðla/brautryðjenda auk þess að örva umræðu um faglega stjórnun.

Dómnefnd 2026 skipuðu eftirtalin:

Salóme Guðmundsdóttir, formaður dómnefndar, framkvæmdastjóri Ísorku og stjórnarformaður Kadeco.

Borghildur Erlingsdóttir, forstjóri Hugverkastofunnar.

Gylfi Dalmann Aðalsteinsson, prófessor við viðskiptafræðideild Háskóla Íslands.

Hermann Björnsson, forstjóri Sjóvá.

Katrín S. Óladóttir, fyrrverandi framkvæmdastjóri Hagvangs.

Margrét Guðmundsdóttir, fyrrverandi forstjóri Icepharma og stjórnarkona.

Þröstur Ólaf Sigurjónsson, prófessor við viðskiptafræðideild Háskóla Íslands.

Ritari dómnefndar er *Gunnhildur Arnardóttir* framkvæmdastjóri Stjórnvísí

Viðmið sem dómnefnd lagði til grundvallar tilnefninga til Stjórnunarverðlaunanna 2026 voru eftirfarandi:

I. Árangursstjórnun

Í starfi sínu stuðlar stjórnandinn að:

1. Framgangi stefnu fyrirtækisins / stofnunarinnar.
2. Að lykilárangursþáttum sé náð.
3. Öflugu kjarnastarfi.
4. Markvissri upplýsingagjöf.

II. Nýsköpun og þróun

Í starfi sínu stuðlar stjórnandinn að:

1. Frumleika.
2. Nýjum hugmyndum.
3. Nýjum aðferðum og bættu vinnulagi.

III. Forysta

Stjórnandinn er:

1. Er óskoraður leiðtogi.
2. Stuðlar að frelsi til athafna.
3. Nýtur virðingar út fyrir eigin fyrirtæki / stofnun.

IV. Rekstrarumhverfi

Stjórnandinn:

1. Stuðlar að samkeppnisforski með skarpri framtíðarsýn og þekkingu á þörfum viðskiptavina
2. Hefur góðan skilning á atvinnugreininni ásamt samkeppnisaðilum og tengslum þessara aðila innbyrðis og við samfélagið

RANNVEIG R

Stjórnunarverðlaun Stjórnvísí
2025





Stjórnunarverðlaun Stjórnvísi

2025

Ráðstefnur og verðlaunaafhendingar Stjórnvísí Fyrirmyndarfyrirtæki í góðum stjórnarháttum 2025



Fulltrúar þeirra 18 fyrirtækja sem hlutu viðurkenningu fyrir góða stjórnarhætti 2025.

Fyrirmyndarfyrirtæki í góðum stjórnarháttum 2025

Þann 22. ágúst 2025, veittu Stjórnvísí, Viðskiptaráð Íslands, Samtök atvinnulífsins og Nasdaq Iceland stjórnun 17 fyrirtækja viðurkenningu fyrir góða stjórnarhætti og var þeim jafnframt veitt nafnbótin „**Fyrirmyndarfyrirtæki í góðum stjórnarháttum**“.

Samkvæmt hlutafélagalögum skulu vald og ábyrgð innan fyrirtækja skiptast í þrjá meginþætti, hluthafafund, stjórn og framkvæmdastjóra. Vald og áhrif hluthafa takmarkast við hluthafa-fundi en stjórnir félaga sækja umboð sitt til fundanna og fara með stjórn félaganna á milli fundanna. Það er síðan á ábyrgð stjórna félaganna að ráða framkvæmdastjóra (einn eða fleiri) og kalla til ábyrgðar varðandi rekstur þeirra. Framkvæmdastjórar bera síðan ábyrgð á daglegum rekstri félaganna í samræmi við stefnur og fyrirmæli stjórna þeirra.

Góðir stjórnarhættir snúast öðru fremur um að skipting valds og ábyrgðar sé með þeim hætti sem þrískipting hlutafélagaforsins gerir ráð fyrir, skýr mörk séu á milli vald- og ábyrgðarsviðs hvers þáttar og að aðilar hlutist ekki til um málefni sem eru á forræði annars aðila.

Fylgni við góða og ábyrgja stjórnarhætti er talin styrkja innviði félaga og efla almennt traust gagnvart viðskiptalífínu.

„Mikilvægt er að hvetja til góðra stjórnarháttanna á Íslandi. Verkefnið Fyrirmyndarfyrirtæki í góðum stjórnarháttum hefur sannað sig sem áhrifaríkt tæki í þeirri vegferð.“

Viðurkenningin tekur mið af leiðbeiningum um stjórnarhætti útgefnum af Viðskiptaráði Íslands, Samtökum atvinnulífsins og Nasdaq Iceland sem sjá má á www.leidbeiningar.is.

Fyrirtækin sem hlutu viðurkenningu árið 2025 eru:

Alvotech
Arion banki
Eik fasteignafélag
Fossar fjárfestingarbanki
Heimar
Icelandair Group
Íslandssjóðir
Kvika banki
Orkan IS
Reiknistofa bankanna
Reitir fasteignafélag
Sjóvá
Skagi
Stefnir
VÍS
Vörður tryggingar
Ölgerðin Egill Skallagríms

Markmið verkefnisins er að efla traust í viðskiptalífínu og styrkja innviði fyrirtækja með því að hvetja til skýrra vald- og ábyrgðarskipta innan stjórnanna og stjórnenda. Fylgni við góða stjórnarhætti stuðlar að faglegri ákvarðanatöku, ábyrgari rekstri og bættri samskiptamenningu innan fyrirtækja. Þannig verður stjórnarstarf bæði skilvirkara og traustara í augum almennings. Liður í því er meðal annars útgáfa, og regluleg uppfærsla, leiðbeininga um stjórnarhætti fyrirtækja sem sjá má á www.leidbeiningar.is.

Fyrirmyndarfyrirtækin 17 eru afar fjölbreytt en þar má nefna fjármála- og trygginga–starfsemi, fjarskipti, leigustarfsemi, eignaumsýslu og ferðaþjónustu. Fyrirtækin þykja öll vel að nafnbótinni komin enda eru starfshættir stjórnanna þeirra vel skipulagðir og framkvæmd stjórnarstarfa til fyrirmyndar.

Erindi flutti Katrín Jakobsdóttir, fyrrverandi forsætisráðherra og stjórnarformaður nýs Rannsóknarseturs HÍ um jafnrétti í efnahags- og atvinnulífi. Viðurkenningarnar voru afhentar af Sigríði Margréti Oddsdóttur, framkvæmdastjóra Samtaka atvinnulífsins. Fundarstjóri var Björn Brynjúlfur Björnsson, framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs Íslands.

Yfirlit yfir: Viðburði faghópa á starfsárinu 2025-2026

Faghópur um aðstöðustjórnun (191 félagar)

Stjórn faghópsins

Katrín Ölöf Egilsdóttir	Plöntuveggir ehf., formaður.
Matthías Ásgeirsson	Bláa Lónið, varaformaður.
Róbert Arnar Reynisson	Eir, hjúkrunarheimili.
Stefán Níels Guðmundsson	Eimskip.
Sverrir Bollason	Framkvæmdasýslan – Ríkiseignir.
Þórana Elín Dietz	Háskóli Íslands.

1. Í ljósi skynseminnar.

Dagsetning:	22.október 2025.
Staðsetning:	Teams.
Fyrirlesari:	Kristján Kristjánsson, Hildiberg.
Fundarstjóri:	Katrín Ölöf Egilsdóttir, formaður faghópsins.

2. Hljóðvist á skrifstofum.

Dagsetning:	20.janúar 2026.
Staðsetning:	Teams.
Fyrirlesarar:	Kristín Ómarsdóttir, Brekke & Strand Akustikk ehf. Ólafur Hjálmarsson, hljóðráðgjafi.
Fundarstjóri:	Sverrir Bollason, í stjórn faghópsins.

3. Húsnæði og velferð – mikilvægi algildrar hönnunar.

Sameiginlegur fundur faghópa um aðstöðustjórnun og heilsueflandi vinnuumhverfi.

Dagsetning:	17.mars 2026.
Staðsetning:	Teams.
Fyrirlesarar:	Harpa Cilia Ingólfssdóttir, Landspítalinn. Birna Ágústsdóttir, FSRE. Sólborg Indiana Guðjónsdóttir, FSRE

4. Aðalfundur faghóps um aðstöðustjórnun.

Dagsetning:	8.maí 2026.
Staðsetning:	Teams. Hefðbundin aðalfundarstörf

Faghópur um almannatengsl, miðlun og samskipti (236 félagar)

Stjórn faghópsins

Stefán Hrafn Hagalín	Brettánellefu, formaður.
Aðalbjörg Kristín Jóhannsdóttir	Nasdaq Iceland.
Andrea Guðmundsdóttir	Háskólinn á Bifröst.
Anna Margrét Gunnarsdóttir	Altso.
Dóra Magnúsdóttir	Hafrannsóknastofnun.
Erla Björg Eyjólfsdóttir	Háskólinn á Bifröst.
Grétar Sveinn Theodórsson	Samband íslenskra sveitarfélaga.

1. Reynsluboltar á haustfundi um almannatengsl, miðlun og samskipti.

Dagsetning:	5.nóvember 2025.
Staðsetning:	Hús máls og menningar við Laugaveg.
Fyrirlesarar:	Ásgeir Friðgerirsson, ráðgjafi. Bryndís Ísfold Hlöðversdóttir, ráðgjafi. Eva Bergþóra Guðbergsdóttir, Reykjavíkurborg. Gísli Freyr Valdórsson, blaðamaður og ráðgjafi. Særún Ósk Pálmadóttir, KOM. Steinunn Gyðu-og Guðjónsdóttir, Alton.
Fundarstjóri:	Stefán Hrafn Hagalín, formaður faghópsins.

2. Aðalfundur faghóps um almannatengsl, miðlun og samskipti.

Dagsetning:	maí 2026.
Staðsetning:	Teams. Hefðbundin aðalfundarstörf.

Faghópur um breytingastjórnun (1410 félagar)

Stjórn faghópsins

Brynjar Rafn Ómarsson	Eimskip, formaður.
Gunnlaugur Bjarki Snædal	ISAVIA ohf., varaformaður.
Arna Dan Guðlaugsdóttir	Sessor.

1. Fáum fólkið með – Lykillinn að árangursríku ferðalagi.

Dagsetning:	15.október 2025.
Staðsetning:	Isavia.
Fyrirlesari:	Ásta Lára Jónsdóttir, verkefnahús UT. Þröstur Elvar Óskarsson, verkefnahús UT.

2. Endurmörkun vörumerkis – Ferðalag Heima.

Dagsetning:	13.febrúar 2026.
Staðsetning:	Heimar, Smáralind.
Fyrirlesari:	Pétur Rúnar Heimisson, Heimar.

3. From project management to change leadership – you can't KPI your way out of this.

Dagsetning:	24.mars 2026.
Staðsetning:	Isavia ohf.
Fyrirlesarar:	Arna Ósk Arnarsdóttir, Isavia. Lisa Richardsson, Conscious Consulting.

4. Aðalfundur faghóps um breytingastjórnun.

Dagsetning:	maí 2026.
Staðsetning:	Teams. Hefðbundin aðalfundarstörf.

Faghópur um fjölbreytileika og inngildingu (e.diversity & inclusion) (305 félagar).

Stjórn faghópsins

Monika Waleszczynska	Eykt, formaður.
Irina S. Ogurtsova	Reykjavíkurborg, varaformaður.
Aleksandra Kozimala	Reykjavíkurborg.
Ágústa H. Gústafsdóttir	Embætti ríkislögreglustjóra.
Freyja Rúnarsdóttir	Hrafnista.
Gísli Níls Einarsson	Öryggisstjórnun ehf.
Joanna Marcinkowska	Háskóli Íslands.
Kara Ásta Magnúsdóttir	Samgöngustofa.
Miriam Petra Ómarsdóttir Awad	Rannís.
Sandra Björk Bjarkadóttir	Icelandair.
Pröstur V. Söring	Hrafnista.

1. Inngildandi verkefnastjórn, kynslóðabil – eða brú.

Sameiginlegur fundur faghópa um verkefnastjórnun, fjölbreytileika og inngildingu.

Dagsetning: Teams.
Fyrirlesarar: Anna Steinsen, KVAN.
Irina S. Ogurtsova, sérfræðingur.

2. Aðalfundur faghóps um fjölbreytileika og inngildingu.

Dagsetning: 27.apríl 2026.
Staðsetning: Teams.
Hefðbundin aðalfundarstörf.

Faghópur um framtíðarfræði (554 félagar)

Stjórn faghópsins

Karl Friðriksson	Framtíðarsetur Íslands, formaður.
Anna Sigurborg Ólafsdóttir	Framtíðarnefnd Alþingis.
Dögg Sigmarsdóttir	Framtíðarsetur Íslands.
Funi Magnússon	Össur.
Guðjón Þór Erlendsson	Skipulagsstofnun.
Gunnar Haugen	CCP hf.
Ingibjörg Smáradóttir	Náttúrufræðistofnun.
Kolfinna Tómasdóttir	Rannís.
Sigurður B. Pálsson	BYKO.
Sævar Kristinsson	KPMG.
Þór Garðar Þórarinsson	Háskóli Íslands.

Viðburðir faghópsins á starfstímanum.

Árlega tekur Jeromy Clenn, forstjóri Millennium Project, lista yfir áhugaverða viðburði liðin árs.

1. **Alþjóðleg stjórnun gervigreindar – valmöguleikar.**

Sameiginlegur fundur faghópa um gervigreind og framtíðarfræði.

Dagsetning: 4.október 2025.
 Staðsetning: Á netinu.
 Fyrirlesari: Streymi á vegum London Futurest.

2. **Gervigreindarstraumar – beint frá San Francisco.**

Sameiginlegur fundur faghópa um gervigreind og framtíðarfræði.

Dagsetning: 13.október 2025.
 Staðsetning: Á netinu.
 Fyrirlesari: Róbert Bjarnason.
 Pallborð: Þorsteinn Siglaugsson, Hagstofa Íslands.
 Gyða Björg Sigurðardóttir, Orkan.
 Helga Ingimundardóttir.
 Sævar Kristinsson, KPMG.

3. **Er þjálfun gervigreindar brot á höfundarétti?**

Sameiginlegur fundur faghópa um gervigreind og framtíðarfræði.

Dagsetning: 31.október 2025.
 Staðsetning: Á netinu.
